


ÞORLÁKSKIRKJA OG KIRKJUGARÐUR



GREINARGERÐ

Markmið
Ekki er til heildar deiliskipulag af kirkju- og kirkjugarðsvæðinu í Þorlákshöfn. Markmið deiliskipulagsins er að gera slíkt skipulag ásamt því skipulagga stækkun á núverandi kirkjugarði Þorlákshafnar. Fyrir liggur að þótt er að huga að stækkun garðsins þar sem fjöldi þeirra leggjaða sem búið er að grafa í ásamt fjóða frakelkna leggjaða, er komið að þeim mörkum að ekki eru mög á þar gangi til að kirkjugarðurinn verði fullnýttur.

Skipulagsvæðlo, afmörkun, stærð, einkenni
Árið 1975 gaf Árnassýsla landsvæði í Þorlákshöfn undir kirkju. Fyrsta sköflustungu kirkjunnar var tekin árið 1979 og sex árum síðar var kirkjan vígð. Stærð kirkjunnar er 302 m² en ekkert safnaðarheimili er við kirkjuna. Árið 1973 var tekið frá svæði fyrir kirkjugarð í Þorlákshöfn en illi hluti garðsins var vígður í byrjun árs 1974. Í framhaldi var byggur upp kirkjugarður fyrir 221 kistugrafir. Árið 2004 voru 30 duftgrafir skipulagðar innan garðsins. Árið 2019 var búið að grafa í tæplega 150 legsvæði og þar að auki er talavert frakel.

Svæðlo sam deiliskipulagi nær til er svæði Þorlákskirkju og kirkjugarðs eins og afmarkað hefur verið á lóðarbláði (18.07.08) og í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022. Skipulagsvæðlo er samtals 28.400 m², þ.a. er lóð kirkjunnar 17.500 m² og lóð kirkjugarðsins 10.800 m².

Svæðlo liggur í suðaustri byggðar í Þorlákshöfn. Eitt af einkennum svæðisins er óheft óstýri til suðurs út á haf yfir Hafnarnes þar sem mestmegnis burlendur lyng- og grasmóð ásamt stóku klapparsvæði inná milli. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu þar í aðalskipulagi. Hverfisverndarsvæði tengist kirkjusvæðinu að austan. Norðan við Þorlákskirkju er lóðarsvæðið en norðan við kirkjugarðinn er tjaldsvæði þarfarlagans. Vestan við skipulagsreitinn er aðal íþróttasvæði sveitarfélagsins.

Umferð og aðkoma
Aðkoma bíla að svæðinu er frá Skálholtsbraut og ekki er gert ráð fyrir frekari aðkomuleiðum bíla að svæðinu samkvæmt aðalskipulagi. Stígangir eru frá skólans og íþróttasvæði frá vestri inná bílastæði kirkjugarðsins og að austan tengist stígur kirkjusvæðinu sem fer í gegnum minjasvæðið sem er í hverfisvernd.

Bílastæði, sem er sunnan við kirkjugarð og kirkju, eru talin nægjanleg fyrir flestar athafnir. Við stærri athafir er mögulegt að leggja meðfram Skálholtsbraut og oft á tíðum á tjaldsvæðinu.

Skipulagsleg stæða
Í gildi er Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022. Gert er ráð fyrir að nýtt deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag. Lóð Þorlákskirkju og lóð kirkjugarðsins í Þorlákshöfn eru samkvæmt aðalskipulag skilgreind í mismunandi landnotkunarflokkum.

Kirkjugarðurinn er flokkurur sem svæði til sérstakra nota (U8). Í aðalskipulaginu segir um svæði U8: "Núverandi kirkjugarður er um 1.600 m² að stærð en tekið er frá rúmt svæði til suðurs eða um 1.000 m² til stækkunar í náinni framtíð."

Svæði Þorlákskirkju er flokkurur undir svæði fyrir þjónustustofnanir. Í aðalskipulaginu segir um svæði kirkjunnar S3: "Þorlákskirkja er staðsett í jafri byggðarinnar og mun þjóna þærjarbúum áfram. Kirkjan var vígð 28. júlí 1985. Gert er ráð fyrir byggingu safnaðarheimilis sunnan við kirkjuna og stækkun kirkjugarðs til suðurs. Stærð lóðarinnar er um 1,8 ha. Þorlákskirkja er eitt mikilvægasta manngerða kirkni í Þorlákshöfn og því mikilvægt að ekki verði gengið of nærri henni með öðrum byggingum. Lóð er áhersla á að kirkjan haldi ákveðnu andrými í jafri byggðarinnar og ekki er gert ráð fyrir byggð sunnan og austan hennar."

Minjar og fríðun
Vegna vinnu við Aðalskipulag Ölfuss var unnin fornleifaskráning. Engar fornminjar eru skráðar á skipulagsvæðinu.

SKIPULAGSTILLAGA

Byggingarreitur safnaðarheimilis
Í skipulagsátlögum er gert er ráð byggingarreitur fyrir safnaðarheimili sem fellt yrði inni brekkuna sunnan við kirkjuna. Þannig mun kirkjan hafa sérstöðu í ástýrð svæðisins og óstýrið verður áfram óheft til suðurs yfir Hafnarnes í átt til sjávar frá kirkjunni. Byggingarleiturnir er 800 m² en svo stór reitur veitir svigrúm til útfærslu á byggingu sem getur fallið sem best að umhverfinu.

Stækkun kirkjugarðs
Stækkun kirkjugarðsins kemur beint suður af núverandi garði. Hæðarlega stækkunar skal vera sú sama og er á svæði milli kirkju og kirkjugarðs sem er laetri er núverandi kirkjugarður. Þannig fellur nýr garðhlutinn við á landi og skjól skapast frá norðan- og austanvindum upp við norðurvegg núverandi garðs. Gert er ráð fyrir að stækkun kirkjugarðs verði áfangaskipt.

Áfangi A
Núverandi kirkjugarður er áfangi A sem er 1600m². Í norðaustur hluta áfangi A þar sem áður var klukkunaport er gert ráð fyrir u.þ.b. 35 nýjum duftgrófum. Stór kross sem stendur á grunni gamla klukkunaportsins færir inn í norðaustur hornið.

Áfangi B
Áfangi B, sem er 1600 m², kemur beint suður af áfangi A. Þar er gert ráð fyrir u.þ.b. 160 nýjum kistugrófum og 160 duftgrófum. Möguleiki er á því að breyta vestasta hluta áfangi B í duftgrafreit í hlutfallsleg þótt fyrir duftgrafir reynt meiri en áætlað er. Fyrirkomulag duftgrafreita í áfangi B er hringlaga. Í kringum háa klöpp sem gefur garðinum ákveðið sérkenni og veitir tengsl við náttúrusvæðið sem umlykur kirkjugarðinn. Við uppbyggingu áfangi B skal gera sérstakar ráðstafir að varðveislu "klöppina" þar sem duftgrafir hringlaga. Ekki er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum vegna uppbyggingar garðhluta B. Aðal góðferingir í garðhlutanum er meðfram austan hluta áfangi A en einnig gert er ráð fyrir stíg meðfram vestran hluta kirkjugarðs. Auk þess er gert tillaga um tengingar á milli garðshluta A og B við duftgrafreit í garðhluta A.

Áfangi C
Suður af áfangi B er áfangi C sem er 2.250 m² framtíðarstækkun. Hluti þess svæðis nær inná lóð kirkjunnar, þar er gert ráð fyrir u.þ.b. 350 nýjum duftgrófum og 250 kistugrófum. Í áfangi C tengist duftgrafarsvæðið áfangi B með sama hringlaga sniði. Möguleiki er á því að breyta innra fyrirkomulag áfangi C í hlutfallsleg þótt fyrir duftgrafir reynt meiri en áætlað er þannig að vestustu rásir kistugrafa verði duftgrafreitir. Fyrir áfangi C er kvóð um akfæran göngustíg vestan við kirkjugarð að bílastæðum sem gert er ráð fyrir samhliða uppbyggingu áfangi C.

Dvalarsvæði
Nedán hæðar milli kirkju og kirkjugarðs er gert ráð fyrir dvalarsvæði í skjóli frá norðan og austan áttum til að auka útivistarmöguleika svæðisins. Tenging að svæðinu er frá stíg austan við kirkjugarðsvegg.

Geymslusvæði
Vestan við akfæran stíg milli kirkjugarðs og íþróttasvæðis er gert ráð fyrir 200 m² svæði þar sem möguleiki er að koma fyrir verkfæraskúr og ruslageymslu. Leitað skal við að fella geymslusvæðið inni mön milli íþróttasvæðis og kirkjugarðs og frágangur mið að því að gera það snyrtilegt og lítið áberandi frá kirkjugarði.

Skúlnastar
Stofna kistugrafa skal vera sú sama í áföngum A, B og C.


Grafartaka skal byrja í vesturhluta áfangi B og C og skal leitað við að klára hverja róa áður en byrjað er á nýrri róa.

Ekki er heimilt að planta trjá og hávöxnum runnum á grafreit. Gróður má ekki ná út fyrir grafreit og því má ekki gróðursejja skríðula fjölaeringa eða runna sem geta fjölgao sér með sjálfáningu eða rólarstaki.

Umengi skal vera til fyrirmyndar og varast ber að skilja eftir rusl, jurtafleifar, mold eða nokkuð annað til óþrýði eða óþægindum geta valdið í kirkjugarðinum.


Ekki skal afmarka sérstaka grafreit og skulu grafir vera sléttar við yfirborð. Ekki er leyfilegt að setja gróringar umhverfis einstaka grafarreit. Heimilt er að koma fyrir duftkerfi í kistugrafreit.

STÆRÐ OG ÁÆTLADUR FJÖLDI GRAFA:
ÁFANGI A, 1600m²: 251 NÚVERANDI GRAFIR, 35 NÝJAR DUFTGRAFIR
ÁFANGI B, 1600m²: 160 KISTUGRAFIR, 160 DUFTGRAFIR
ÁFANGI C, 2250m²: 250 KISTUGRAFIR, 350 DUFTGRAFIR



Skýringaruppdráttur, kirkjugarður áfangaskipting mkv. 1:2000

- Áfangi A
- Áfangi B
- Áfangi C



Hluti af aðalskipulag Ölfuss í Þorlákshöfn 2010-2022, með síðari breytingum.

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Hlaðinn veggur
- Kistugrafir
- Duftgrafir
- Götur, bílastæði og útivistarstígur
- Stígur innan kirkjugarðs og kirkjusvæðis

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ölfuss þann _____

f.h.Sveitarfélagsins Ölfuss _____

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulagsnefnd _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdum til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

ÞORLÁKSKIRKJA OG KIRKJUGARÐUR

Tillaga að deiliskipulagi og stækkun kirkjugarðs

Mkv. 1:750 blaðstærð: A2 Dags: 7.okt. 2019.

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn

SKIPULAG OG HÖNNUN EHF
Tjarnargötu 10, 101 Reykjavík, www.skipulagihonnun.is

Deiliskipulag mkv. 1:750

Skýringaruppdráttur, snið A-A1 mkv. 1:250